

Ed.

39. Framvarp

til laga um einkasölu á saltfiski.

Flutningsm.: Jón Baldvinsson.

1. gr.

Ríkisstjórnin hefir fyrir hönd ríkissjóðs sölu og útflutning á söltuðum og þurkuðum fiski, sem veiddur er hjer við land og verkaður er í landi eða fluttur er á land og útflutningshæfur telst.

2. gr.

Ríkisstjórnin getur skipað einn mann eða fleiri til þess að sjá um sölu og útflutning á fiski þeim, sem ríkisstjórnin hefir einkasölu á samkvæmt lögum þessum, og sett með reglugerð eða reglugerðum nánari fyrirmæli um afhending á fiski til útflutnings og annað, sem að þessu lýtur.

3. gr.

Allur kostnaður við sölu og útflutning greiðist af söluverði fiskjarins, og skal draga þann kostnað frá áður en eigendum er greitt andvirði vörunnar.

4. gr.

2% af söluverði fiskjarins skulu renna í rikissjóð, enda greiðist ekki neitt annað sjerstakt útflutningsgjald af fiski þeim, er rikisstjórnin hefir einka-sölu á. Af þessum tekjum má rikissjóður verja allt að 50% til að útvega nýjan markað fyrir fisk og til tilrauna í þessu skyni.

5. gr.

Ríkisstjórnin má greiða eigendum andvirði fiskjar í íslenskum peningum, þótt það hafi verið greitt henni með erlendum gjaldeyri.

6. gr.

Andvirði fiskjarins afhendir rikisstjórnin eftir reglum, sem hún setur þar um, og getur rikisstjórnin sett meðalverð á hverja jafngóða vörutegund frá sama framleiðslutímabili.

7. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, allt að 50 þúsund krónum, er reuna í rikissjóð.

8. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin þau lög eða lagaákvæði, er fara í bága við þessi lög.

9. gr.

Lög þessi ganga í gildi 1. janúar 1928.

Greinargerð.

Frv. þetta hefir áður verið flutt á Alþingi, og eru alþingismönnum því kunnar ástæður fyrir tilhögun þeirri á fiskversluninni, sem frv. gerir ráð fyrir. Til viðbótar má geta þess, að á síðastliðnu ári mynduðu ýmsir hinir stærstu útgerðarmenn sölufjelag, er átti að reyna að tryggja skipulag á fiskversluninni. Þessi tilraun bendir til þess, að augu manna sjeu að opnast fyrir nauðsyn samvinnu og samtaka um þessa verslun. En að áliti flutningsmanns frv. þessa er landseinkasala á þessari vörutegund fullkomnasta og öruggasta fyrirkomulagið. Nánari grein fyrir frv. verður gerð í framsögu.